

# Enska 7. bekkur

---

Kennarar: Helga Sigurðardóttir

## Lýsing

Ýmiss verkefni unnin í tölvum, stílabókum, vinnubókum og munnlega. Unnið með ritun, hlustun, lestur, samskipti og málfræði.

## Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Sögur lesnar fyrir nemendur, umræður og verkefni. Nemendur hlusta á sögur eða lesa að eigin vali, í hljóði eða upphátt fyrir kennara. Ýmiss verkefni í málfræði og orðaforða í tölvu eða stílabók. Ritunarverkefni t.d. dagbók eða sögur. Munnlegar æfingar.

## Námsmat

Verkefni í ritun og kannanir úr orðaforða, lesskilningi og málfræði.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### VS Enska 7.bekkjar - Hlustun

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglings og greint frá því helsta.

### VS Enska 7.bekkjar - Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglings og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina

### VS Enska 7.bekkjar - Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

### VS Enska 7.bekkjar - Frásögn

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- Flutt atriði, sagtutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

### VS Enska 7.bekkjar - Ritun

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.

- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.

#### **VS Enska 7.bekkjar - Menningarlæsi**

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.
- Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingsmenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

#### **VS Enska 7.bekkjar - Námshæfni**

- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.
- Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.
- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttigarforrit og leitarvélar.
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.